

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 6. febrúar 2024

Mál nr. E-2012/2023:

Faxar ehf., Gnitanes ehf., Inning ehf., Iraco ehf., Lífsverk lífeyrissjóður, N4A ehf., NT ehf., Snæból ehf., Stefnir hf., Tjarnarbrekka ehf., Kirkjutorg ehf., Umbrella ehf. og Skarðshamar ehf.

(*Ragnar Björgvinsson lögmaður*)

gegn

GAMMA Capital Management hf.,

(*Stefán A. Svensson lögmaður*)

og til réttargæslu:

DUAL Corporate Risks Limited, Liberty Mutual Insurance Europe, Everest Syndicate 2786 at Lloyd's, CNA Hardy Syndicate 382 at Lloyd's og Lloyd's Insurance Company

(*Dóra Sif Tynes lögmaður*)

Úrskurður

Málsmeðferð, aðild og kröfur aðila

- Málið var höfðað 20. mars 2023. Sá þáttur málsins sem hér er til úrlausnar var tekinn til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 9. janúar 2024.
- Stefnendur eru Faxar ehf., Síðumúla 20, 108 Reykjavík, Gnitanes ehf., Fiskislóð 31 í Reykjavík, Inning ehf., Urðarhvarfi 8 í Kópavogi, Iraco ehf., Fornubúðum 5 í Hafnarfirði, Lífsverk lífeyrissjóður, Engjateig 9 í Reykjavík, N4A ehf., Mýrargötu 26 í Reykjavík, NT ehf., Hrólfsskálamel 5 á Seltjarnarnesi, Snæból ehf., Mávanesi 19 í Garðabæ, Stefnir hf., Borgartúni 19 í Reykjavík, Tjarnarbrekka ehf., Tjarnarbrekku 11 í Garðabæ, Kirkjutorg ehf., Kirkjutorgi 6 í Reykjavík, Umbrella ehf., Víðihlíð 6 í Reykjavík, og Skarðshamar ehf., Síðumúla 25 í Reykjavík.
- Stefndi er Gamma Capital Management hf., Katrínartúni 4 í Reykjavík.
- Réttargæslustefndu eru Dual Corporate Risks Limited, 1 Creechurch Place, London, EC3A 5AF, Bretlandi, Liberty Mutual Insurance Europe Limited, 5–7 rue Léon Laval, L-3372, Leudelange, Lúxemborg, Everest Syndicate 2786 at Lloyd's, 40 Lime Street, London, 3C3M 5BS, Bretlandi, Hardy Syndicate 382 at Lloyd's, European Head Office, 20 Fenchurch Street, London, EC3M 3BY, Bretlandi, og Lloyd's Insurance Company S.A., Bastion Tower, Marsveldplein 5/Place du Champs de Mars 5, 1050 Brussel, Belgíu.

5. Stefnendur krefjast þess hver og einn sjálfstætt að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á tjóni hvers stefnanda vegna saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefnda við rekstur á fagfjárfestasjóðnum GAMMA:ANGLIA, kt. [...]. Þá krefjast stefnendur þess að stefnda verði gert að greiða hverjum og einum stefnanda málskostnað að mati dómsins.
6. Stefnendur gera að svo komnu máli ekki sérstakar kröfur á hendur réttargæslustefndu.
7. Stefndi krefst þess að málinu verði vísað frá dómi, að því er hvern og einn stefnanda varðar, og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda óskipt, að mati dómsins.
8. Stefnendur gera hver fyrir sig kröfu um að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað og að tekið verði tillit til þessa þáttar málsins við ákvörðun um málskostnað í efnisdómi.
9. Ekki eru gerðar kröfur af hálfu réttargæslustefndu.

Helstu málsatvik og ágreiningsefni í efnishlið málsins

10. Málið varðar meinta skaðabótaskyldu stefnda í tengslum við rekstur á fagfjárfestasjóðnum GAMMA:ANGLIA. Stefnendur keyptu allir hlutdeildarskírteini í sjóðnum árið 2017. Áður hafði stefndi gefið út kynningarefni um sjóðinn sem stefnendur telja að hafi gefið ranga mynd af stærð sjóðsins, stöðu og stjórnunarháttum hans. Stefnendur telja sig hafa orðið fyrir tjóni af þessum sökum, sem og vegna offjárfestingar sjóðsins og fleiri atriða, eins og nánar er vikið að í umfjöllun um málsástæður stefnenda hér á eftir.

Helstu málsástæður stefnenda í efnishlið málsins

Viðurkenningarkrafa stefnenda

11. Stefnendur segja ástæðu þess að ekki hafi verið sett fram fjárfkrafa í málinu þrjúþætta: *Í fyrsta lagi* liggi endanlegt tjón stefnenda ekki fyrir, enda sé ekki búið að loka sjóðnum. Stefnendur verði því á hverjum degi fyrir auknu tjóni þar sem skuldir sjóðsins beri hærri vexti en ávöxtunarmarkmið sjóðsins. Þá sé óljóst á þessum tímapunkti hvort frekari útgáfa hlutdeildarskírteina sé nauðsynleg til að forða sjóðnum frá frekara tjóni, sem leiði þá til þess að hlutdeildarskírteini stefnenda verði enn minna virði. Áætlunum stefnda um lokun sjóðsins hafi ítrekað verið frestað, sem geri það að verkum að stefnendum sé nauðsynlegt að höfða mál þetta nú til að fá staðfestingu á tilvist og efni réttinda sinna. *Í öðru lagi* sé það bæði örðugt og afar kostnaðarsamt að ákvarða fjárkröfu stefnenda á þessum tímapunkti. Líklega þyrfti að kosta til þess matsgerð dómkvaddra matsmanna. Stefnendur telji því skynsamlegra að leita fyrst úrlausnar um tilvist og efni réttinda sinna áður en fjárfkrafa á grundvelli þeirra sé endanlega reiknuð út. *Í þriðja lagi* séu ábyrgðartryggingar stefnda með þeim hætti að lýsa þurfi kröfu á váttryggingartímabili,

sem sé frá 17. apríl 2019 til 16. apríl 2024. Miðað við nýjustu fjárfestabréf frá stefnda sé áætlað að sjóðnum verði ekki lokað fyrir en í fyrsta lagi á þriðja ársfjórðungi 2024, þ.e. eftir að váttryggingartímabilið renni út. Nauðsynlegt sé því fyrir stefnendur að staðreyna tilvist og efni réttinda sinna áður en sjóðnum verði lokað.

12. Stefnendur byggja á því að þeir eigi skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna þess tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við rekstur stefnda á sjóðnum og þannig við meðferð fjármuna þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sé heimilt að höfða mál til viðurkenningardóms um kröfu, hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Ákvæðið hafi verið skýrt svo að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik málsins.

Saknæm og ólögmæt háttsemi stefnda sem leitt hafi til tjóns

13. Stefnendur telja að starfsmenn og stjórnendur stefnda hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem hafi valdið þeim tjóni sem stefndi beri einn ábyrgð á. Í því sambandi vísa stefnendur til ýmissa laga sem gildi um stefnda sem fjármálafyrirtæki. Horfa verði til þess að stefndi er sérfræðingur í rekstri fjárfestingarsjóða, í áhættumati og við áhættustjórnun.

Blekking og rangar upplýsingar veittar um stærð sjóðsins

14. Á vormánuðum ársins 2017 hafi stefnendum verið kynntur fasteignasjóður sem yrði u.þ.b. 30 milljónir sterlingspunda að stærð og myndi fjárfesta fyrir þá fjármuni í allt að tíu fasteignapróunarverkefnum í Bretlandi. Sjóðurinn hafi verið kynntur fyrir stefnendum sem áhættuminni sjóður en margir aðrir sjóðir sem stefndi hafi rekið á umræddum tíma, enda væri tilgangur hans að fjárfesta í fasteignaverkefnum. Tilgreint hafi verið að fjármögnun sjóðsins myndi ljúka í júlí 2017. Síðar hafi stefndi gefið til kynna að sjóðurinn yrði 40–50 milljónir sterlingspunda að stærð. Á grundvelli upplýsinga frá stefnda hafi stefnendur skráð sig fyrir hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Umræddar upplýsingar hafi reynst rangar og innborguð fjárhæð í sjóðinn ekki numið nema 17,7 milljónum punda. Þar af hafi verið seld hlutdeildarskírteini að andvirði 16,7 milljónir punda.

Fjárfestingar umfram getu hafi valdið beinu fjártjóni

15. Stefnendur byggja á því að sjóðurinn hafi fjárfest langt umfram getu. Þannig hafi skuldbindingar hans vegna fasteignaverkefna numið samtals 27,5 milljónum sterlingspunda. Þetta hafi leitt til beins tjóns fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Þá hafi sjóðurinn fjárfest í þremur verkefnum fyrir samtals 5,2 milljónir sterlingspunda eftir að upplýst hafi verið að sjóðurinn væri fullfjármagnaður.

Fjárfesting og áhætta stefnda af sjóðnum hafi verið minni en gert var ráð fyrir

16. Í kynningarefni sjóðsins hafi verið tilgreint að stefndi og tengdir aðilar myndu fjárfesta 10% af sjóðnum. Stefnendur hafi mátt ganga út frá því að sú fjárfesting næmi þremur milljónum sterlingspunda. Stefndi og tengdir aðilar, þ.e. aðrir sjóðir í eigu stefnda, hafi fjárfest fyrir samtals 1.561.000 sterlingspund, þ.e. einungis um 5,2% af 30 milljónum sterlingspunda eða 8,86% sé miðað við endanlegt innborgað fé sjóðsins. Fjárfesting og áhættutaka stefnda sjálfs og tengdra aðila hafi því ekki verið í neinu samræmi við yfirlýsingar hans við kynningu á sjóðnum. Það eitt hafi leitt til þess að áhætta stefnenda af fjárfestingu sinni hafi orðið mun meiri og tjón þeirra af lækkandi gengi sjóðsins því þeim mun meira.

Blekkning í upphafi (fjárfestaráð, ráðgjafaráð og vönduð ákvarðanatoka)

17. Við kynningu sjóðsins hafi stefndi lagt mikla áherslu á að með sjóðnum væri starfandi faglega sterkt ráðgjafaráð með sérfræðingum í skipulagi, þróun og stjórnun byggingarverkefna í Bretlandi. Þá hafi verið kynnt að í sjóðnum væri starfandi fjárfestingaráð, eins og reglur sjóðsins hafi gert ráð fyrir að heimilt væri að skipa. Í bréfasamskiptum stefnenda við stefnda frá mars 2020 hafi stefndi aftur á móti upplýst að honum væri ekki kunnugt um að neitt fjárfestingaráð hefði í reynd verið starfandi. Jafnframt hafi komið fram að skjölun einstakra ákvarðana og fjárfestinga hefði engin verið. Ákvarðanatoka stefnda varðandi rekstur sjóðsins hafi því ekki verið í neinu samræmi við það sem kynnt hafi verið af stefnda sjálfum.
18. Framangreind háttsemi feli í sér blekkingu gagnvart stefnendum og öðrum fjárfestum bæði við upphaf fjárfestingar og meðan á fjárfestingartímabili stóð. Háttsemin hafi orðið þess valdandi að öll ákvarðanatoka við einstakar fjárfestingar hafi ekki verið eins vönduð og boðað hafi verið og ákvarðanir ekki teknar af þeim aðilum er kynntir höfðu verið til leiks sem meðlimir fjárfestingaráðs.

Ekkert verðmat framkvæmt heldur handstýrt

19. Stefnendur vísa til þess að samkvæmt reglum sjóðsins og kynningarefni um hann hafi stefnda borið að senda hlutdeildarskírteinis höfum á sex mánaða fresti uppgjör sjóðsins, uppreiknað gengi hlutdeildarskírteina og upplýsingar um umsýslu- og stjórnunarkostnað sjóðsins. Verðmatið skyldi framkvæmt af óhlutdrægni, þekkingu og áreiðanleika og endurspeglar raunverulegt virði eigna sjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.
20. Í fyrsta fjárfestabréfi stefnda sem sent hafi verið fjárfestum 25. janúar 2018 hafi verið upplýst að gengi sjóðsins hefði í árslok 2017 verið 105 sem endurspeglar 5% ávöxtun frá stofnun sjóðsins. Það gengi hefði haldist óbreytt út allt árið 2018 og allt fram til 2. október 2019 er tilkynnt hafi verið um lækkun á gengi sjóðsins úr 105 niður í 55. Í bréfasamskiptum stefnenda og stefnda frá mars 2020 hafi stefndi upplýst að enginn útreikningur hefði búið að baki genginu 105, heldur hefði stefndi óskað eftir því við

vörsluaðila bréfanna að gengi sjóðsins yrði fært upp í 105 án nokkurrar tilvísunar til undirliggjandi eigna og verkefna sjóðsins. Stefndi hafi því ekki reiknað gengi sjóðsins á sex mánaða fresti eins og honum hafi borið að gera samkvæmt reglum sjóðsins, heldur handstýrt gengi hlutdeildarskírteina. Hlutdeildarskírteinishafar hafi því staðið í þeirri trú að þeir hefðu ávaxtað fjárfestingu sína um 5%, þrátt fyrir öll þau vandræði sem við blöstu í rekstri sjóðsins, lausafjárskort hans og þá staðreynd að sjóðurinn hafi fjárfest langt umfram getu allt frá upphafi. Sú háttsemi hafi gert það að verkum að stefnendur hafi engar forsendur haft til að gera athugasemdir við stöðu sjóðsins, enda í góðri trú um að hún væri góð. Þessi háttsemi stefnda hafi gengið gegn ákvæðum laga og reglugerðar sem stefnendur tilgreina, sem og hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa.

Tjón stefnenda sé afleiðing af háttsemi stefnda

21. Stefnendur telja ljóst að þeir hafi orðið fyrir beinu fjártjóni vegna háttsemi stefnda. Stefnendur hafi keypt 84.128 hluti í sjóðnum fyrir 8.412.800 sterlingspund. Fram til 2. október 2019 hafi gengi hvers hlutdeildarskírteinis verið 105 sterlingspund. Frá þeim tíma hafi gengi skírteina lækkað verulega og þau séu að mati stefnda verðlaus sem stendur. Því blasi við að stefnendur hafi tapað fjárfestingu sinni, sem samsvari því tjóni sem þeir hafi orðið fyrir. Stefnendur telja að stærstan hluta þess megi rekja til háttsemi stefnda.

Skaðleysi stefnda

22. Samkvæmt 17. gr. reglna sjóðsins beri stefndi, sem skilgreindur sé í reglunum sem skaðlaus aðili, ekki ábyrgð á tapi, tjóni, kostnaði eða öðrum útgjöldum eða töpuðum tekjum nema slíkt tap sé að rekja til stórkostlegs gáleysis, ásetnings og/eða svika skaðlauss aðila. Stefnendur byggja á því að ákvæðið leggi enn ríkari skyldur á stefnda, sem rekstraraðila sjóðsins, til að starfa í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti og venjur á markaði, með hagsmuni fjárfesta og þar með stefnenda að leiðarljósi.

Aðild stefnenda

23. Stefnendur segja aðild stefnenda vera byggð á heimild til samlagsaðildar í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda sé ljóst að dómkröfur stefnenda eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings í skilningi ákvæðisins. Stefnendur byggja allir á sömu málavaxtalýsingu, sömu málsástæðum og sömu lagarökum. Eftir sem áður geri þeir hver og einn sjálfstæða dómkröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda.

Helstu málsástæður stefnda er varða frávísun

Stefndi telur fjölpætta annmarka vera á málalíbúnaði stefnenda sem valdi óhjákvæmilega frávísun málsins frá dómi og það raunar af sjálfsdáðum.

Viðurkenningarkrafa stefnenda uppfylli ekki skýrleikakröfur

24. Í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 sé sérstaklega mælt fyrir um að sá sem hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands geti leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms, sem fullnægja mætti með aðför.
25. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skuli greina í stefnu svo glögg sem verða má dómkröfur stefnanda. Um viðurkenningarmál segi þar að krafa skuli lúta að viðurkenningu á tilteknum réttindum. Í því felist sú krafa að kröfugerðin sé svo ákveðin og ljós að hún geti orðið að dómsniðurstöðu þar sem sakarefninu er ráðið til lykta, ef niðurstaða málsins verður sú.
26. Í málinu hafi stefnendur leitast við að nýta sér framangreinda heimild með því að krefjast viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna þess meinta tjóns sem hann hafi valdið þeim „vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefnda við rekstur á fagfjárfestasjóðnum GAMMA:ANGLIA“, svo sem tekið sé til orða í stefnu.
27. Eins og dómkrafan sé orðuð sé hvergi afmarkað hvaða atvik eða eftir atvikum athafnaleysi, og á hvaða tíma, í tengslum við rekstur sjóðsins, hafi valdið stefnendum því tjóni sem þeir krefjast bóta fyrir, heldur sé látið við það sitja að krefjast viðurkenningar á bótaskyldu „vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefnda við rekstur [sjóðsins]“, án frekari tilgreiningar. Þar sem kröfugerð stefnenda sé óljós um þá háttsemi sem viðurkenningarkrafan sé reist á uppfylli hún ekki fyrrgreind skilyrði d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og meginreglur einkamálaréttarfars um að dómkröfur skuli vera svo glöggar sem verða megi. Því verði þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá dómi, þ. á m. að virtri réttarframkvæmd, bæði Lands- og Hæstaréttar, þar sem kröfur af viðlíka toga hafi verið taldar varða frávísun frá dómi af sjálfsdáðum. Um þetta atriði vísar stefndi m.a. til dóms Hæstaréttar frá 25. nóvember 2009 í máli nr. 732/2009.
28. Í framangreindu samhengi verði jafnframt að hafa í huga að þegar krafist sé viðurkenningar á réttindum stefnenda fyrir dómi verði dómsniðurstaða á sama hátt að vera skýr og afgerandi um það hvernig viðkomandi réttindum sé háttáð, sbr. 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, þannig að hún leiði til málaloka um sakarefnið (að frátöldum ágreiningi um bótafjárhæð, þegar viðurkenningarkröfur um skaðabótaábyrgð séu annars vegar). Fyrirliggjandi dómkrafa, og dómsorð á grundvelli hennar, uppfylli bersýnilega ekki þennan réttarfarslega áskilnað.
29. Framangreint sé ennþá augljósara þegar stefna málsins er rýnd, en þar ægi saman margs konar málsástæðum frá mismunandi tímabilum, og meintir tjónsatburðir virðist raunar vera fjölmargir, án þess að nokkurt tillit sé tekið til þess í dómkröfu og afmörkun hennar. Í þessu tilliti megi einnig benda á að reglur um fyrningu og tómlæti gætu t.d. mögulega átt við um suma tjónsatburði en eftir atvikum ekki aðra og því sé, eðli máls samkvæmt,

mikilvægt að viðurkenningarkrafa uppfylli skýrleikakröfur og innihaldi viðeigandi tilgreiningu tjónsatburða og tímamark þeirra.

Skilyrðum samlagsaðilar sé ekki fullnægt

30. Stefndi telur að skilyrði samlagsaðildar stefnenda að málinu séu ekki uppfyllt. Í málinu geri stefnendur með vísan til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 sameiginlega kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda gagnvart þeim hverjum fyrir sig vegna atvika, ótilgreindra í dómkröfu, í rekstri sjóðsins, sem þeir telji að hafi valdið sér fjártjóni. Stefnendur reisi, allir sem einn, kröfur sínar meðal annars á meintri rangri og ófullnægjandi upplýsingagjöf í tengslum við markaðssetningu sjóðsins þegar þeir hafi skráð sig fyrir hlutdeildarskírteinum. Í stefnu sé vikið að ýmsum gögnum og kynningum í þessu sambandi. Samkvæmt framlögðu skjali sem hafi að geyma upplýsingar um kaup einstakra stefnenda á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum, þ. á m. tímamark kaupa, verði hins vegar ráðið að hlutdeildarskírteini þeirra hafi verið keypt á allsendis mismunandi tímum, þ. á m. í sumum tilvikum áður en sum umræddra „kynningargagna“ sem stefnendur vísi til hafi verið gefin út, eða löngu eftir það, án þess að nein grein sé gerð fyrir þessu í stefnu þrátt fyrir augljósa þýðingu þessa í ljósi afmörkunar málartilbúnaðar stefnenda.

31. Þegar af þessum ástæðum kunni mismunandi atvik, sem varði hvern og einn stefnanda sérstaklega, að hafa áhrif við mat á meintri skaðabótaábyrgð stefnda á þeim grundvelli sem stefnendur miði kröfu sína meðal annars við. Þess sé einnig að gæta, að stefnendur hafi vafalítið hver um sig mismikla reynslu af fjárfestingum þótt allir teljist þeir fagfjárfestar, auk þess sem kröfur hvers stefnanda séu ekki byggðar á sama löggerningnum, heldur sé sjálfstætt samningssamband á milli hvers og eins af stefnendum og sjóðsins.

32. Af því sem að framan greinir sé þannig ljóst að athuga verði réttarstöðu hvers stefnanda sjálfstætt við mat á hugsanlegri skaðabótaskyldu stefnda gagnvart þeim og að skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um samlagsaðild sé því ekki fullnægt, eins og ákvæðið hafi verið túlkað í réttarframkvæmd. Um þessi atriði vísar stefndi m.a. til dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2011 í máli nr. 326/2011.

Tjónsreifun ófullnægjandi

33. Stefndi vísar enn fremur til þess, að í dómaframkvæmd hafi verið byggt á því að ef neyta á heimildar til að leita dóms einungis um viðurkenningu á skaðabótaskyldu, þ. á m. þannig að fullnægt sé réttarfarsskilyrðum um lögvarða hagsmuni, verði meðal annars að tiltaka nákvæmlega hver valdið hafi ætluðu tjóni, hvernig það hafi verið gert og hvernig fullnægt sé skilyrðum um orsakasamband milli tjóns og athafna eða aðgerðaleyfis tjónvalds. Stefnendur geri ekki nægilegan reka að þessu í málartilbúnaði sínum. Þar sé ekki heldur leitast við að afmarka á fullnægjandi hátt hvert tjón þeirra gæti talist vera

vegna þeirra atvika sem hver málsástæða þeirra fyrir sig taki til, svo sem gera verði kröfu til.

Ófullnægjandi grundvöllur að málatilbúnaði

34. Stefndi telur enn fremur leiða af öllu framangreindu að málatilbúnaður stefnenda, þ. á m. virtur heildstætt, uppfylli ekki meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. og kröfur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar að lútandi. Því beri að vísa málinu frá dómi.

Helstu málsástæður stefnenda er varða frávísun

35. Stefnendur hafna því að málatilbúnaði þeirra sé áfátt á þann hátt að vísa beri málinu frá dómi. Þeir telja dómkröfuna vera nægilega skýra og vísa m.a. í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 18. ágúst 2023 í máli nr. 38/2023. Þá vísa stefnendur til þess að greinargerð stefnda sýni að tilhögun dómkröfu stefnenda aftri ekki vörnum stefnda.
36. Þá telja stefnendur að skilyrði samlagsaðildar þeirra séu uppfyllt, enda eigi dómkröfur þeirra rætur að rekja til sömu atvika og aðstöðu. Framlögð gögn sýni að stefnendur hafi allir keypt hluti sína í sjóðnum á sama tíma og þeir telji sig allir hafa verið svikna og blekta með sama hætti hvað varðar stærð sjóðsins. Staða þeirra allra sé því hin sama.
37. Stefnendur telja sig hafa reifað tjón sitt nægilega til að geta haft uppi kröfu um viðurkenningu skaðabótaskyldu í málinu. Í því sambandi vísa þeir til þess að til að krafa af því tagi sé dómtæk nægi að sýnt sé fram á eitthvert tjón en ekki þurfi að færa sönnur á umfang þess. Enn fremur vísa stefnendur til þess að gagnaöflun í málinu sé ekki lokið og þeir eigi þess því kost að færa frekari sönnur á tjón sitt undir rekstri málsins.
38. Stefnendur benda á, með vísan til ákvæða 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, um rétt til að fá úrlausn um réttindi sín fyrir dómi, að undangenginni réttlátri málsmeðferð, að gæta beri varúðar við töku ákvörðunar um að vísa málinu frá dómi.

Forsendur og niðurstöður

39. Í d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemur fram að í stefnu skuli greina svo glögggt sem verða má dómkröfur stefnanda, svo sem viðurkenningu á tilteknum réttindum.
40. Dómkrafa stefnenda lýtur sem fyrr greinir að því að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á tjóni hvers og eins stefnanda vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefnda við rekstur á fagfjársfestasjóðnum GAMMA:ANGLIA. Ekki er tilgreint nánar í dómkröfunni sjálfri í hverju hin meinta saknæma og ólögmæta háttsemi stefnda hafi falist, eða á hvaða tímabili umrædd atvik eigi að hafa gerst, þótt upplýsingar um það megi finna í reifun málsástæðna stefnenda í stefnu. Eins og kröfugerð stefnenda er fram

sett er hún ekki nægilega skýr og ákveðin til að unnt væri að taka hana óbreytta upp í dómsorð ef á hana yrði fallist. Um þetta vísast til dóms Hæstaréttar frá 25. nóvember 2009 í máli nr. 732/2009 en atvik þess máls voru mjög sambærileg þessu máli, að því er varðar varakröfu gagnáfrýjanda sem þar var höfð uppi. Atvik málsins eru að þessu leyti frábrugðin þeim sem uppi voru í dómi Hæstaréttar frá 18. ágúst 2023 í máli nr. 38/2023, sem stefnendur hafa vísað til, en þar var að mati réttarins unnt að takmarka viðurkenningu á skaðabótaskyldu við aðra af tveimur meginmálsástæðum sem hún byggðist á. Sú staða er ekki uppi hér. Krafan er haldin slíkum annmörkum að efnisdómur verður ekki lagður á hana, sbr. meginreglu d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Þegar af þeirri ástæðu verður kröfunni vísað frá dómi og þar með málinu í heild.

41. Að fenginni þessari niðurstöðu er óþarft að fjalla um aðrar málsástæður sem stefndi hefur fært fram til stuðnings frávísunarkröfu sinni.
42. Að virtum þessum málsúrslitum verður stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað, sbr. 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og telst hann hæfilega ákveðinn eins og í úrskurðarorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnendur greiði stefnda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Þorsteinn Magnússon